

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugavegur 59.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. desember 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðar nr. 59 við Laugaveg. Í breytingunni felst að byggja inndregna þakhæð ofan á núverandi hús og breyta 3. og 4. hæð hússins í íbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðlingabraut 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 6. janúar 2016, breytingu á deiliskipulagi Norðlingabrautar 4-12 vegna lóðarinnar nr. 4 við Norðlingabraut. Í breytingunni felst rýmkun á ákvæðum um fjölda bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Haukdælabraut 124-126.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. janúar 2016, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 124-126 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stuðlasel 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 20. janúar 2016, breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis, Selhryggs, vegna lóðarinnar nr. 7 við Stuðlasel. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja einnar hæðar viðbyggingu við húsið og innrétta aukaíbúð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. janúar 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2016